

Sp.

18. Fyrirspurnir.

[18. mál]

- I. Til samgönguráðherra um vegamál í Vesturlandskjördæmi.

Frá Benedikt Gröndal.

- 1) Hvenær lýkur þeirri rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð, sem ákveðin var með þingsályktun 18. apríl 1967?
- 2) Hvenær lýkur undirbúningsrannsóknnum vegna brúargerðar yfir ósa Hvítár hjá Borgarnesi?
- 3) Hvenær verður varanlegt slitlag lagt á hraðbrautir út frá Akranesi og Borgarnesi?
- 4) Er undirbúningur hafinn að nauðsynlegum endurbótum, sem gera verður á veginum frá Borgarnesi til þéttbýliskjarnanna á norðanverðu Snæfellsnesi í sambandi við Heydalsveg?

- II. Til ríkisstjórnarinnar um læknskort í strjálbýli.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

- Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að bæta úr læknskorti í strjálbýli:
- a. Með bráðabirgðaráðstöfunum?
 - b. Með ráðstöfunum, er tryggt gætu til frambúðar viðhlítandi heilbrigðisþjónustu?